



## Verkefni 2

### Mæla hæð og þvermál trés

**Þetta er paraverkefni.** Nemendur fara á fyrirfram ákveðið svæði (kennarinn stýrir svæðinu) og finnur sér þar sitt „rannsóknarsvæði“ til að leysa verkefnið. Þeir hafa með sér málband, blýant, verkefnablað og hart spjald. Tímaás verkefnisins er fyrirfram ákveðin (kennarinn stýrir) áður en verkefnið hefst og í lokin þá sameinast allir hóparnir saman og deila upplýsingum.

Verkefnið gengur út á að mæla og greina hæð á trjám. Einn nemandi tekur sér stöðu hjá trénu og annar bakkar með blýantinn lóðréttan í hönd, þar til hæð trésins nemur lengd blýantsins. Blýantinum er snúið hornrétt þannig að hann sé lóðréttur og félaginn er beðinn um að fara á þann stað sem oddur blýantsins vísar til. Fjarlægðin milli félagans og trésins er svo mæld með málbandinu.

Við mælingar eins og þessar eru nemendur að vinna með hlutföll. Blýanturinn táknað jafn langan flöt hvort sem hann er láréttur eða lóðréttur. Þvermálið er best að mæla aðeins fyrir ofan jörð með málbandi. Nemendur skrá síðan upplýsingarnar sínar niður á verkefnablaðið sitt.